



■ Rússar gagnrýna Norðmenn harðlega fyrir að ákveða einhliða veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum

Stuðningur við málflutning okkar

– segir **Sighvatur Björgvinsson** alþingismaður. Færi skapast til að reka fleyg milli Rússa og Norðmanna í öðrum málum sem snerta veiðar í Norðurhöfum.

„Þetta er stuðningur við málflutning okkar Íslendinga. Við höfum líka gagnrýnt Norðmenn harðlega fyrir óábyrga framkomu.“ sagði Sighvatur Björgvinsson alþingismaður í samtali við *Alþýðublaðið* í gær. Í fréttum Ríkisútvarps kom fram að Rússar gagnrýna Norðmenn harðlega fyrir að hafa einhliða ákveðið að veiða 725 þúsund tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum. Fiskifræðingar segja óhætt að veiða allt að milljón tonn úr

stofninum, og því ljóst að lítið er til skiptanna fyrir Íslendinga, Rússa og Færeyinga, sem einnig hafa nýtt stofninn, nái Norðmenn fram vilja sínum.

Rússar og Norðmenn voru samtíga á síðasta ári, en Íslandi og Færeyjum voru þá settir slíkir afarkostir að samningar náðust ekki. Fyrir vikið voru veiðar Íslendinga og Færeyinga einskorðaðar við fiskiveiðilögsögu ríkjanna.

Samningaviðræður um skiptingu síldveiða á þessu ári hafa verið árangurslausar en fundað verður í Moskvu síðar í mánuðinum. Sighvatur kvaðst telja líklegt að Rússar tilkynni Norðmönnum, Færeyingum og Íslendingum að þeir ákveði sjálfir hve mikið þeir veiða. Rússar standi hinsvegar frammi fyrir því, að þótt uppeldisstöðvar norsk-íslenska stofnsins sé að hluta í rússneskri lögsögu þá verði þeir að semja við Norðmenn um að

veiða síldina í lögsögu Noregs. Sighvatur sagði því að torvelt yrði að fá Rússa í bandalag með Íslendingum og Færeyingum gegn Norðmönnum, þarsem síldin héldi sig að mestu í norsk fiskiveiðilögsögunni.

„Það er hinsvegar ágætt ef ágreiningur verður milli Rússa og Norðmanna. Þá er hugsanlega hægt að reka fleyg milli þeirra í öðrum málum sem varða veiðar í Norðurhöfum.“

■ Enn bætist við lista hugsanlegra forsetaframþjófenda

Skorað á Pétur Kr. Hafstein

Samkvæmt heimildum *Alþýðublaðsins* vinnur hópur manna að því að fá Pétur Kr. Hafstein hæstaréttardómara og fyrrum sýslumann í forsetaframboð. Pétur, sem verður 47 ára í mars, er sonur Ragnheiðar og Jóhanns Hafsteins, sem var formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra. Pétur var sýslumaður á Ísafirði 1983-91 en hefur síðan gegnt embætti hæstaréttardómara. Ekki náðist í Pétur sjálfan vegna málsins í gær, en blaðið hefur heimildir fyrir því að málið hafi verið rætt við hann.

■ Jón Baldvin Hannibalsson


í viðtali við norskt dagblað

Styð konu í forsetaembættið

Vill ekki nafngreina hana af ótta við að skaða framboð hennar.

Í viðtali við norska dagblaðið *Stavanger Tidning* segist **Jón Baldvin Hannibalsson** styðja ákveðna konu í embætti forseta Íslands. Blaðið segir að þar sem Jón Baldvin sé umdeildur á Íslandi vilji hann ekki opinberlega lýsa yfir stuðningi við hana þar sem hann óttist að stuðningur sinn kunni að skaða framboð hennar.

„Það eina sem ég vil segja er að ég styð konu til forseta. Forsætisráðherra Davíð Oddsson virðist hafa hug á því að verða forseti. Tækist það yrði áralöng hefð rofin. Síðustu forsetar hafa komið úr menningargeiranum,“ er haft eftir Jóni Baldvini sem blaðið segir vera litríkan og umdeildan stjórnmálamann. Fiskveiðideila Íslendinga og Norðmanna er einnig til umræðu, en Jón Baldvin segir að Íslendingum beri að stefna Norðmönnum fyrir Alþjóðdómstólinn í Haag vegna 200 mílna lögsögunnar sem



Jón Baldvin: Davíð Oddsson virðist hafa hug á forsetaembættinu.

þeir tóku sér við Svalbarða. Jón Baldvin vikur síðan að Evrópusambandinu og segist hafa trú á því að Ísland og Noregur eigi eftir að vera aðilar að bandalaginu, enda muni samstarf yfir landamæri tryggja atvinnuöryggi og velferð einstaklinga í alþjóðasamfélagi nýrrar aldar.

Listakona á tíræðisaldri

Næst komandi laugardag klukkan 15:00 verður opnuð sýninga á verkum Maríu M. Ásmundsdóttur myndlistarkonu, frá Krossum í Staðarsveit. Sýningin verður í húskynnum Félags eldri borgara í Reykjavík og nágreppi að Hverfisgötu 105, 4. hæð.

María, sem nú er á 97 aldursári, hefur fengist við margvíslega listavinnu lengst af ævinni. Hún hefur málað myndir allt frá unga aldri. Eignaðist fljótt myndavél og notaði síðan myndirnar til að mála eftir.

Annars hefur hún sótt myndefni víða að, þar á meðal frá Danmörku og Noregi. Þá hefur hún málað á gler, og útsaum hefur hún lagt mikið í, enda erfitt og vandasamt verk.


María sýndi verk sín fyrst í útstillingargluggum hjá Marteini Einarsyni árið 1930 og síðan árið 1990 í félags- og þjónustumiðstöðinni í Bólstaðarhlíð, en hefur nú safnað saman stærra safni af ýmsum listmunum, sem einnig verða til sýnis.

Dagskrá um Don Juan

Næstkomandi mánudagskvöld verður hinn margrómaði og smáði *Don Juan* tekinn til umfjöllunar í Listaklúbbi Leikhúskjallarans. Fjallað verður um uppsetningu litháíska leikstjórans **Rimosar Tuminas** á leikriti **Molière** og hún skoðuð frá ólíkum sjónarhólum. Nokkrir af aðstandendum sýningarinnar munu sitja fyrir svörum um ýmislegt er varðar sýninguna og vinnslu hennar. Sýning þessi hefur eins og kunnugt er hlotið afar ólíka dóma – nokkra einstaklega góða en aðra mjög slæma.

Elísabet Jökulsdóttir er hér titluð áhorfandi, **Guðmundur Andri Thorsson** karlmaður, **Edda Heiðrún**

Backman leikkona, **Arnór Benónýsson** gagnrýnandi og **Silja Aðalsteinsdóttir** leikhúsvinur munu flytja stutt erindi. Leikararnir **Jóhann Sigurðarson** og **Sigurður Sigurjónsson** flytja kafla úr verkinu og gestum gefst kostur á að virða fyrir sér búninga **Vytautasas Narbutas** og njóta tónlistar **Faustasar Latenas** bæði úr Mávínunum og *Don Juan*. Leitað var til **Jóns Viðars Jónssonar** gagnrýnanda Dagsljóss. Hann gat því miður ekki komið þar sem hann verður erlendis á mánudaginn. Umsjón með dagskránni hefur **Ásdís Þórhallsdóttir** en hún hefur unnið sem aðstoðarleikstjóri Rimasar í báðum þessum sýningum.



Þeir eru stundum kallaðir **Lenín og Stalín**, eða **Marx og Engels**, póst-sovéskrar myndlistar. Í útliti gætu þeir hins vegar verið náskyldir **Gög og Gokke**, og list þeirra verið eftir þá alla; hún er sérkennilegt sambland af alvöru og glenssi, auglýsingaskrumi og pólitískri hugsjónamennsku. Þeir heita **Komar og Melamid** og á morgun afhjúpa þeir á **Kjarvalsstöðum** málverkið sem íslenska þjóðin vildi helst sjá og málverkið sem íslenska þjóðin kærir sig síst um. Í *Alþýðublaðinu* í dag segir frá litríkum ferli þessara skringilegu myndlistarforkólfa.